

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2016
R2016040016/12.8.4

420169-3889


**Umsögn ríkisskattstjóra um þingmál 667 - frumvarp til laga um skatta og gjöld
(tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa)**

Ríkisskattstjóri hefur þann 15. apríl 2016 móttengið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á skattalögum. Ríkisskattstjóri gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins, sem varða breytingar á skatthlutföllum. Embættið telur þó mikilvægt að leggja á það áherslu að nauðsynlegt er að ákvæði 4. gr frumvarpsins verði lögfest og tekinn verði af allur vafi um skyldu rekstraraðila til þess að leggja fram með skattframtali sínu fullnægjandi grundvöll álagningar um tekjur og eignir, þ.e. ársreikning, sem innifeli rekstrar- og efnahagsreikning ásamt sundurliðunum og skýringum, þrátt fyrir breytingar á ársreikningalögum. Það hefur sýnt sig við yfirferð skattframtala rekstraraðila að hefðbundnar og greinargóðar upplýsingar um grundvöll skattframtals hafa við undirbúning álagningar flýtt fyrir yfirferð framtalsins og komið í veg fyrir tafir, bréfaskriftir og annað óþarfa umstang fyrir framteljendur. Nauðsynlegt er því að allur vafi verði tekin af um að hefðbundnu vinnulagi verði ekki raskað.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Elín Alma Arthursdóttir